
MEMO

TIL: FJÁRLAGANEFNDAR

FRÁ: FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

MÁLEFNI: REKSTRARÚTGJÖLD FANGELSISMÁLASTOFNUNAR – EF VÆNTINGAR UM AÐ ALLAR FJÁRHAGLEGAR KRÖFUR UM BÆTTA ÞJÓNUSTU VIÐ FANGA VÆRU UPPFYLLTAR

DAGS.: 10. JANÚAR 2023

Hér að neðan er lausleg rekstraráætlun og samantekt sem miðast við að allar óskir þeirra sem stjórna fangelsiskerfinu yrðu uppfylltar og þannig yrði auknu fjármagni veitt inn í kerfið til að bæta þjónustu og stuðning við fanga í fangelsum landsins.

Sú viðbótarfjárveiting sem var tryggð í nýsamþykktum fjárlögum 2023 gerir það að verkum að hægt verður að reka öll fjögur fangelsin í landinu með því sem næst fullum afköstum og ásættanlegri mönnun ásamt því að viðhalda öryggiskerfum fangelsanna.

Það skal áréttað hér í þessari samantekt að sú fjárveiting sem liggur nú til grundavallar gerir **ekki** ráð fyrir að það sé í raun verið að fjölga fangavörðum á vöktum og í dagvinnu heldur eingöngu verið að tryggja að allar stöður séu mannaðar á hverjum tíma sem hefur ekki verið raunin í allmörg ár.

Meðferðarsvið Fangelsimálastofnunar

Fjöldi ársverka á liðnu ári hjá stofnuninni sem hefur sinnt öllu meðferðar- og stuðningsstarfi við fanga í öllum fangelsum landsins var samtals 6,5 á sl. ári.

Ef uppfylla ætti þær kröfur sem gerðar eru til góðs meðferðarstarfs í fangelsunum sem býr fönngum gott og öruggt umhverfi og gerir félagslega endurhæfingu þeirra mögulega þá þyrfti að fjölga um samtals ríflega 10 ársverk á sviðinu þ.e.:

- 3 sálfræðinga
- 2,5 félagsráðgjafa
- 2,5 vímuefnaráðgjafa
- 2 iðjuþjálfara

Fangelsin

Ef uppfylla ætti þær kröfur sem gerðar eru af þeim sem starfa í fangelsunum um góða mönnun í fangelsunum þá þyrfti að fjölga ársverkum um 18 frá því sem nú er sbr. eftirfarandi:

Litla Hraun

- 3 ársverk fangavarða á kvöldvöktum
- 3 ársverk fangavarða á dagvöktum
- 1 ársverk tómstundafulltrúa/fangavarðar
- 1 ársverk tæknimanns/fangavarðar
- 1 ársverk fangavarðar – umsjón með heimsóknnum um helgar

Hólmsheiði

- 3 ársverk fangavarða á næturvöktum
- 1 ársverk fangavarðar á dagvakt
- 1 ársverk verkstjóra/fangavarðar – umsjón með vinnu fanga

Sogn

- 1 ársverk verkstjóra/fangavarðar – umsjón með vinnu fanga

Kvíabryggja

- 2 ársverk fangavarða á næstuvöktum (í dag er einn á vakt á nóttunni)
- 1 ársverk verkstjóra/fangavarðar – umsjón með vinnu fanga

Framangreind lausleg samantekt á viðbótarkostnaði við fjölgun 28 ársverka væri ríflega 325 m.kr.

Til að setja verkefni og mönnun meðferðarstarfs í raunhæft samhengi þarf að hafa í huga að stór hluti dómþola er með flóknar og margþættar þjónustuþarfir. Þar af leiðandi er mikilvægt að sú meðferðarvinna sem farið er í byggi á gagnreyndri, markvissri og oft langvarandi þjónustu. Þegar skoðað er hver eru almenn viðmið um fjölda mála/skjólstæðinga á hverja starfsstétt er algengt að miðað sé við að félagsráðgjafar sinni að hámarki 50 málum á hverjum tíma. Meðferðarviðtöl, úrvinnsla og samhæfing sálfræðinga á viku geta að hámarki orðið 20 og miðað er við að virk meðferð feli í sér viðtöl á tveggja vikna fresti. Vímuefnaráðgjafi getur sinnt um 20 viðtölum á viku. Ef tekið er mið af stöðu þeirra sem afplána dóm þá eru þjónustuþarfir þeirra almennt meiri en gengur og gerist og oft flóknara/tímafrekara að koma þeim til aðstoðar en þegar horft er til skjólstæðinga sem eru úti í samfélaginu. Þá hefur ekki unnist ráðrúm til að bæta við mikilvægri þjónustu fyrir þennan hóp skjólstæðinga á borð við iðjuþjálfu en stór hluti dómþola hefur takmarkaða vinnusögu og hefur skerta getu til að sinna hefðbundnum verkefnum/vinnu sem mikilvægt er að efla og á meðan dómþoli er í afplánun gefst tækifæri til að vinna markvisst að þessu.

Til að setja verkefni og mönnun fangavarða í samhengi við raunveruleikann þá telja fangaverðir sjálfir og þeir sem stjórna í fangelsunum að fangaverðir séu að öllu jöfnu of fáir á vöktum á hverjum tíma sem endurspeglar í mikilli streitu og andlegu álagi sem aftur endurspeglar í miklum veikindafjarvistum og þá sérstaklega fjarvistum vegna langtímaveikinda.

Markmið Fangelsismálfstofnunar er að draga úr brotum og að hugað sé að endurhæfingu dómþola svo að þeir eigi sem bestan möguleika, eftir afplánun á endurkomu í samfélagið sem virkir samfélagsþegnar. Er það eindreginn vilji Fangelsismálfstofnunar að geta sinnt því hlutverki á sem bestan máta en til þess þarf að efla og fjölga í þeim hópi starfsmanna sem nú þegar er að störfum. Ætti slíkt að vera hagur allra, ekki síst samfélagsins sem mun taka á móti föngum að afplánun lokinni.

	Núverandi Áætlun 2023	Áætlun miðað við að allar óskir væru uppfylltar	Frávik frá fyrirliggjandi áætlun á
Rekstrarniðurstaða	-31.238.851	-31.238.851	
Tekjur	-2.747.735.197	-3.073.001.197	-325.266.000
Sértekjur	-59.469.948	-59.469.948	
Aðrar rekstrartekjur			
Framlag ríkissjóðs	-2.688.265.249	-3.013.531.249	-325.266.000
Gjöld	2.716.496.346	3.041.762.346	325.266.000
Laun	2.065.070.255	2.381.070.255	316.000.000
Ferðir og fundir	24.496.597	25.896.597	1.400.000
Rekstrarvörur	165.868.751	173.734.751	7.866.000
Húsnæði	191.287.687	191.287.687	
Bifreiðar og vélar	13.814.658	13.814.658	
Aðkeypt þjónusta	226.302.369	226.302.369	
Rekstrarkostnaður	990.780	990.780	
Afskrift	28.665.249	28.665.249	